

Athugasemd við viðtal sem birtist í nýjasta tölublaði *Læknablaðsins*

Inga Sif Ólafsdóttir

lyf- og lungnalæknir, kennslustjóri kandiðata á Landspítala og formaður nefndar um skipulag námsblokka læknakandiðata

ingasif@landspitali.is

Ég vil leiðrétta ummæli sem fram komu í viðtali við fjóra læknana í síðasta tölublaði *Læknablaðsins*. Þar er talað um íslenska læknana sem læra við læknaháskóla í Evrópu og staðhæft að enginn hafi hugað að innkomu þeirra inn í íslenskt heilbrigðiskerfi.

Við í nefndinni um skipulag námsblokka á kandiðatsárinu höfum lagt á okkur töluverða vinnu við að kynna kandiðatsárið á Íslandi fyrir íslenskum læknanemum sem nema við háskóla í Evrópu. Farnar hafa verið tvær ferðir á vegum nefndarinnar, ein árið 2016 til Debrecen í Ungverjalandi sem fjallað var um í *Læknablaðinu*¹ og önnur vorið 2018 þar sem farið var bæði til Martín í Slóvakíu og Debrecen í Ungverjalandi. Árlega eru haldnir nokkrir kynningarfundir fyrir læknana erlendis frá sem eru hér í verknámi og þessum kynningum fjarvarpað.

Bæði læknaháskólinn í Debrecen (University of Debrecen, Faculty of Medicine) og læknaháskólinn í Martín (Jessenius Faculty of Medicine in Martín) eru alþjóðlega viðurkenndir háskólar innan Evrópusambandsins og því er nám þar viðurkennt að fullu samkvæmt EES/EU samningum. Nema frá þessum skólum þurfa ekki að taka kandiðatsár á Íslandi en við teljum að kandiðatsárið sé frábær viðbót við þeirra nám. Kandiðatsárið eða sambærileg reynsla er nauðsynleg til að geta sótt um þau sérnámsþrógrömm sem eru í boði á Íslandi.

Nefndarmenn hafa fylgst grannt með þeim fjölda íslenskra læknana sem nema ytra

og gert ráðstafanir til að mæta þeirri fjölgun sem orðið getur á kandiðatsárinu. Við höfum áætlað að hægt sé að taka við þeim fjölda án vandkvæða. Í töflunni sést áætluð þróun á næstu árum miðað við þann fjölda sem nú nemur við þessa tvo háskóla (gögn fengin frá formönnum félaga íslenskra læknana erlendis).

Kandiðatsárið er starfsnám og því vel til þess fallið að styrkja verðandi lækna fyrir framtíðarstarf. Marklýsingin fyrir kandiðatsárið á Íslandi hefur fagmennsku og góða starfshætti lækna í öndvegi. Megináherslan er á öryggi sjúklinga og eigin framþróun læknakandiðatsins, það er hvernig hann getur bætt eigin frammistöðu bæði hvað varðar læknisfræðilega þekkingu, klíniska færni og hæfni til að starfa með öðrum.

Við sem stýrum kandiðatsárinu erlendis höfum góða reynslu af þeim kandiðötum sem hafa komið hingað heim að loknu námi við erlenda háskóla og viljum óska þess að viðtalið í *Læknablaðinu* rýri ekki þau góðu tengsl sem eru við íslensku læknana sem nema utan Íslands því þar er mikill mannauður sem ég tel okkur skylt að hlúa að og styðja.

Ég hef kynnt ofangreind atriði fyrir kennsluráði við læknadeild HÍ. Þar sitja fulltrúar læknana og þar hef ég bent á mikilvægi þess að Félag læknana við HÍ myndi tengsl milli íslenskra læknana hér á Fróni og þeirra sem nema í öðrum löndum með reglulegum samkomum og öðrum viðburðum. Ég skora á núverandi formann Félags læknana að láta sitt ekki eftir liggja í þeim málum. Því framtíðin er ykkar allra.

Heimild

- Ólafsdóttir IS. Kynningarfundur um kandiðatsár á Íslandi fyrir læknana í Debrecen. *Læknablaðið* 2016; 102: 309.

- Velferðarráðuneytið. Drög að reglugerð um skömmtum lyfja. [samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=104](http://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=104) - desember 2018.
- Velferðarráðuneytið. Aðgerðir til að sporna við misnotkun lyfja sem geta valdið ávana og fikn. stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3d1a8517-5f66-11e8-942c-005056bc530c - desember 2018.
- Lyfjagagnagrunnur Embættis landlæknis.

Útskriftarár	Læknadeild HÍ	Læknahásk. í Debrecen	Læknahásk. í Martín	Frá öðrum læknahásk.	Erlendir ríkisborgarar
2019	46	19	26	12	9 umsóknir
2020	53	12	22	9	?
2021	50	7	10	9	?
2022	44	7	26	5	?
2023+	50	5 áætlað	25 áætlað	Fer fjölgandi	?